



# Framkvæmda- fréttir 22. tbl. /03



Norðurland eystra  
framkvæmdir 2003  
sjá kort í opnu

Kísilvegur (87). Endurbygging 3,2 km. Verktaki: Alverk ehf., Aðaldal. Myndin er tekin 20. júní 2003.

## Auglýsingar útboða

### Vetrarþjónusta í Hvalfirði 2003 - 2008 03-087

Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í snjómokstur og hálkuvörn á um 83 km á Hvalfjarðarvegi (47) og Kjósarskarðsvegi (48) á árunum 2003 - 2008. Gerður verður marksamningur um verkið.

Árleg viðmiðunartala marksamnings:

Vörubílar í snjómokstri og hálkuvörn . . . . 4.026 km  
Verki skal að fullu lokið 1. maí 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgarnesi og Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 21. júlí 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 11. ágúst 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Vetrarþjónusta á Holtavörðuheidi 2003 - 2008 03-086

Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í snjómokstur og hálkuvörn á um 37 km löngum kafla á Hringvegi (1) um Holtavörðuheidi á árunum 2003 - 2008. Gerður verður marksamningur um verkið.

Árleg viðmiðunartala marksamnings:

Vörubílar í snjómokstri og hálkuvörn . . . 25.000 km  
Pallbíll / jeppi í eftirliti . . . . . 6.920 km  
Verki skal að fullu lokið 1. maí 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgarnesi og Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 21. júlí 2003. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 11. ágúst 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 22. tbl. 11. árg. nr. 344 21. júlí 2003

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:

**Víktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafæni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Rögnvaldur Jónsson  
framkvæmdastjóri tæknisviðs  
Vegagerðarinnar skrifar

## Norska samgöngu- áætlunin og sjálfstæði stofnana norska ríkisins

Í maí 2003 heimsótti ég norsku vegagerðina og kynnti mér m.a. gerð norsku samgönguáætlunarinnar (Norsk Transportplan) en nú er verið að vinna áætlun fyrir árin 2006-2015. Samgönguáætlunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Hún er gerð samkvæmt leiðbeiningum (retningslinier) frá samgönguráðuneytinu en norska vegagerðin stýrir vinnunni. Þrjár aðrar stofnanir á sviði samgangna koma að verkinu. Margir koma að gerð áætlunarinnar og til grundvallar eru gerðar um 70 vinnskýrslur. Vinnutilhögunin er þannig að vegagerðin leggur áætlunina fram fyrir hönd stofnana og birtir almenningi um leið. Samgönguráðherra sendir hana síðan til umsagnar fylkisstjórna og sex stærstu bæjarfélaga-

anna. Hann lætur síðan meta athugasemdir sem berast en gerir þessar athugasemdir ekki opinberar. Ráðherra leggur svo fram tillögu sína að samgönguáætlun fyrir þingið til samþykktar eða breytinga. Með samþykki þingsins er þá til staðfest samönguáætlun til 10 ára. Vegagerðin og aðrar stofnanir samgöngumála gera síðan nákvæmar áætlanir (handlingsplaner) fyrir hvert ár, birta þær almenningi og senda ráðherra sem leggur þær síðan óbreyttar eða breyttar fyrir þingið til samþykktar. Nú í fyrsta sinn er tillaga vegagerðarinnar birt um leið og áætlunin er lögð fyrir samgönguráðherra. Þetta þykir nauðsynlegur þáttur í ferlinu þannig að almenningur fái að vita hver stefna vegagerðarinnar er, óháð afskiptum stjórnmalamanna. Senioringeniör Sigurd Lötveit og Avdelingsingeniör Lars Aksnes hjá norsku vegagerðinni töldu að þetta væri skref í þá átt að gera stofnanirnar sjálfstæðari.

Nú hefur norska vegagerðin lagt til miklar breytingar frá fyrri samgönguáætlun. Mest áhersla er lögð á að viðhalda verðmæti vegamannvirkjanna og auka umferðaröryggi. Í áætluninni skal tilgreina ný vegamannvirki sem kosta meira en 200 m.nkr. og allar fjárveitindar til stofnvega (stamveger). Annars eru fjárveitingar til annarra nýbygginga skipt á fylki.

## Niðurstöður útboða

### Villingaholtsvegur (305), Vatnsendi - félagsheimili 03-055

Tilboð opnuð 14. júlí 2003. Suðurlandsumdæmi. Gerð Villingaholtsvegur (305) á um 2 km löngum kafla frá Vatnsenda að félagsheimilinu Þjórsárverri.

Helstu magnþölur eru:

Fylling	16.430 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	3.585 m <sup>3</sup>
Skering	3.950 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	7.245 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	1.630 m <sup>3</sup>
Ræsi	84 m
Girðingar	3.600 m
Tvöföld klæðing	14.350 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	22.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. júní 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
7 Heimir og Þorgeir ehf., Garðabæ	25.009.750	117,5	6.051
6 Hafnarverktakar ehf., Akureyri	24.937.375	117,2	5.978
5 Sigurjón Á. Hjartarson, Brjánsstöðum	23.559.600	110,7	4.601
4 Landherji ehf., Reykjavík	21.455.875	100,8	2.497
--- Áætlaður verktakakostnaður	21.285.900	100,0	2.327
3 Vélgrafan ehf., Selfossi	21.083.000	99,0	2.124
2 Vörubílstjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	19.390.000	91,1	431
1 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi	18.958.900	89,1	0

### Kjalvegur (35), Háalda - Sandá 03-082

Tilboð opnuð 14. júlí 2003. Suðurlandsumdæmi. Gerð Kjalvegur (35) á um 4,1 km löngum kafla frá Háöldu að Sandá. Helstu magnþölur eru:

Fylling	20.480 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	2.280 m <sup>3</sup>
Skering	22.760 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	18.000 m <sup>3</sup>
Frágangur fláa	52.080 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. nóvember 2003.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
13 Kubbur ehf., Ísafirði	25.877.475	148,8	11.979
12 Steypustöð Blönduóss ehf.	23.008.175	132,3	9.109
11 Hafnarverktakar ehf., Akureyri	19.819.250	114,0	5.920
10 Sigurjón Á. Hjartarson, Brjánsstöðum	19.060.125	109,6	5.161
9 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi	18.958.900	109,0	5.060
8 Vörubílstjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	17.677.677	101,6	3.779
7 Landherji ehf., Reykjavík	17.575.650	101,1	3.677
6 Vélgrafan ehf., Selfossi	17.538.300	100,8	3.639
--- Áætlaður verktakakostnaður	17.392.630	100,0	3.494
5 Jörfl hf., Hvanneyri	16.900.000	97,2	3.001
4 Tönnin ehf., Reykjavík	16.709.075	96,1	2.810
3 Hólsvélar ehf., Bolungarvík	15.924.700	91,6	2.026
2 Þórarinn Kristinsson, Fellskoti	13.967.650	80,3	69
1 Nesity ehf., Gnúpverjahreppi	13.898.950	79,9	0



Samþykkt þingsins um að enginn skuli látast eða meiðast alvarlega í umferðarslysum (nullviðsjón) hefur haft mikil áhrif á samgönguáætlun Norðmanna. Nú er aðallega horft til þeirra endurbóta sem geta komið í veg fyrir að fólk látist eða meiðist alvarlega í umferðarslysum. Hjá Norðmönnum eru það þrír þættir sem hafa mest að segja hvað það varðar:

1. Slyss sem verða þegar bílar mætast
2. Slyss sem verða þegar bílar aka útaf vegi
3. Slyss á gangandi og hjólandi fólki

Þessir þrír þættir leiða til 86% af öllum dauðaslysum í umferðinni í Noregi. Þar sem að slyss á gatnamótum eru venjulega ekki eins alvarleg, en um 33% þeirra leiða til meiðsla og 10% til dauða, er sá þáttur ekki talinn jafn alvarlegur og hinir þrír. Til að koma í veg fyrir þessi slyss þá er gerð tillaga um að auka byggingu vega þar sem akbrautir eru aðskýldar. Þá hafa þeir gert tilraunir með 2+1 vegi og fengið jákvæða niðurstöðu á svipaðan hátt og Svíar. Gerð er tillaga um að auka fjárveitingar í lagfæringar á vegsvæðum og uppsetningu á vegriðum. Síðan er lögð áhersla á að byggja meira af göngu- og hjólandiastígum.

Norska vegagerðin leggur mikla áherslu á að viðhalda verðmæti vegamannvirkjanna og auka fjármagn til styrkinga og viðhalds. Hún telur að vegakerfið sé á niðurléið og því þurfi að gera átak í því að bæta það. Á undanförmum árum hefur norska vegagerðin gert skoðanakönnun á viðhorfi vegfarenda til veganna. Vegfarendur eru beðnir um að gefa vegum einkunn og velja á milli „mjög gott“, „nægilega gott“, „nothæft“ og „lélegt“. Ánægjan hefur minnkað þannig að vegagerðin vill auka fé til viðhalds og þjónustu.

Þegar bornar eru saman gerð samgönguáætlana Íslands og Noregs eru tvö atriði sem vert er að skoða. Í Noregi er þess gætt að gerð sé fagleg úttekt á ráðstöfun fjármagns til samgöngumála og hún birt almenningi. Almennur getur því greint á milli hinna pólitísku ákvarðana og faglegs mats stofnananna. Þá þarf hið pólitíska vald að gera vel grein fyrir öllum þeim breytingum sem gerðar eru á hinna faglegu áætlun. Almennur er því vel upplýstur um allar þær breytingar sem verða á áætluninni frá fyrstu gerð. Viðmælendur mínir hjá norsku vegagerðinni töldu

það afar þýðingarmikið að vegagerðin hefði fullt sjálfstæði til að birta eigið faglegt mat á ráðstöfun vegafjárnsins og að almennur gæti greint á milli hins faglega mats og hinna pólitísku ákvarðana.

Eins og kunnugt er þá er samgönguáætlunin hér á landi unnin af ráði skipuðu forstjórum þriggja stofnana samgönguráðuneytisins og formanni ráðsins sem skipaður er af samgönguráðherra. Síðan er hún unnin í samvinnu ráðuneytis og ráðsins. Almennur veit því ekki hvort það er hið faglega mat eða hið pólitíska mat sem ræður gerð hennar. Þegar ráðið og ráðuneytið er orðið sammála um hvernig áætlunin skuli líta út sendir ráðherra hana til samgöngunefndar sem fjallar um hana og leggur síðan fyrir þingið til samþykktar.

Þegar bornar eru saman íslenska samgönguáætlunin og tillaga norsku vegagerðarinnar til samgönguáætlunar virðast áherslunar vera nokkuð ólíkar. Í norsku áætluninni er mest áhersla lögð á að viðhalda verðmæti veganna og auka umferðaröryggi með því að auka fjárveitingar til beinna aðgerða til þessara liða. Í íslensku áætluninni virðist mest áhersla lögð á nýjar framkvæmdir. Kannski er skýringin sú að hið pólitíska vald í Noregi á eftir að fjalla um og gera breytingar á áætluninni. Fróðlegt verður að fylgjast með þeim breytingum sem verða gerðar hjá norska ráðherranum og þinginu við endanlega afgreiðslu hennar en eins og áður hefur verið greint frá þá getum við ekki gert slíkan samanburð.

## Ráðstefna um rannsóknir

Próunarsvið Vegagerðarinnar stendur fyrir árlegri ráðstefnu um rannsóknir og verður hún næst haldin þann 7. nóvember 2003. Á ráðstefnunni verður fjallað um hluta af þeim rannsóknum sem fengu fjárveitingar úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar 2002. Ráðstefnan verður haldin á hóteli Nordica og verður allan daginn. Nánari upplýsingar um dagskrá og skráningu verða á heimasíðunni:

[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/pages/vr\\_7.html](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/pages/vr_7.html)



Útnesvegur (575) um Klifhraun við vegamót Jökulhálsléiðar (570). Sjá umfjöllun á bls. 6 og 7.



## Útnesvegur (575) um Klifhraun í Snæfellsbæ, Gröf - Arnarstapi

### Tillaga að matsáætlun

Vegagerðin hefur lagt fram tillögu að matsáætlun vegna vegframtækna á Útnesvegi (574) um Klifhraun í Snæfellsbæ í Snæfellsnessýslu, frá Gröf í Breiðuvík að uppbyggðum vegi við Stapafell, skammt vestan Arnarstapa. Þessa matsáætlun má sjá í heild á heimasíðu Vegagerðarinnar, [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

Framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árunum 2004-2006. Markmiðið með framkvæmdinni er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur um Útnesveg. Vegurinn skal vera snjóléttur, laus við snjóflóðahættu og grjóthrun, með bundnu slitlagi og hannaður fyrir 90 km/klst. hámarks hraða.

Vegna könnunar á matsskyldu hefur áður verið fjallað nokkuð ítarlega um möguleg umhverfisáhrif þessarar framkvæmdar. Er hér aðallega vísað í úrskurð Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra. Þar kom fram hvað þarf að leggja áherslu á í matsvinnunni til þess að gera nægilega vel grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í ljósi þessa telur framkvæmdaraðili megin áhersluatriði í fyrirhugaðri matsvinnu vera áhrif á landslag, jarðmyndanir, snjóflóðahættu og grjóthrun, umferðaröryggi og ferðamennsku.

VSÓ Ráðgjöf vinnur mat á umhverfisáhrifum fyrir Vegagerðina og undir verkstjórn hennar. Ábendingum og fyrirspurnum um matsvinnuna og framkvæmdina sjálfa skal beina til:

VSÓ Ráðgjöf	eða	Vegagerðin
Borgartúni 20,		Borgarbraut 66
b.t. Stefáns Gunnars Thors,		b.t. Auðuns Hálfðánarsonar
105 Reykjavík,		310 Borganes,
<a href="mailto:stefang@vso.is">stefang@vso.is</a>		<a href="mailto:ah@vegagerdin.is">ah@vegagerdin.is</a>

### Lýsing framkvæmdar

Fyrirhuguð veglagning nær frá Gröf í Breiðuvík að Stapafelli og er um 6,3 km að lengd. Skipta má framkvæmdinni í tvo vegkafla, annars vegar frá Gröf að Sleggjubeinu og hins vegar frá Sleggjubeinu að Stapafelli.

Vegurinn verður hannaður samkvæmt staðli fyrir vegflokk C2. Heildarbreidd vegar verður 6,5 m með 6,2 m breiðu slitlagi. Þar sem fyllingar eru háar og þar sem farið er yfir ár á ræsum er reiknað með breiddaraukningu á köntum og leiðara meðfram veginum. Hönnunarhraði er 70-90 km/klst. Vegurinn verður hannaður fyrir 11,5 t öxulþunga.

### Framkvæmdarkostir

**Gröf - Sleggjubeina.** Á vegkaflanum Gröf – Sleggjubeina er um endurbætur á núverandi vegstæði að ræða. Fylgt verður núverandi vegstæði um 3,6 km en vegurinn breikkastur og lagt á bundið slitlag.

**Sleggjubeina - Stapafell.** Á vegkaflanum Sleggjubeina – Stapafell hefur Vegagerðin kannað fjórar mismunandi veglínur. Lengd leiðana er 2,9 – 3,7 km eftir því hvaða leið er farin. Í matsskýrslu verður megin áhersla lögð á umfjöllun um þessar leiðir og samanburð þeirra.

Veglína 1 er um 3,6 km löng og liggur að mestu eftir núverandi vegi. Í framkvæmdinni felst uppbygging malarvegar. Hönnunarhraði er 70 km/klst.

Veglína 2 er um 3,7 km löng. Í framkvæmdinni felst lagning nýs vegar. Á 1,6 km löngum kafla liggur veglína um gróið land og á tæpum 1 km um Klifhraun. Hönnunarhraði er 90 km/klst.

Veglína 3 er um 3 km löng. Í framkvæmdinni felst lagning nýs vegar. Á 1,4 km löngum kafla liggur veglína um gróið land og um 1,6 km um Klifhraun. Hönnunarhraði er 90 km/klst.

Veglína 4 er um 2,9 km löng. Í framkvæmdinni felst lagning nýs vegar. Veglína liggur á 1,8 km kafla um gróið land og um 1,7 km um Klifhraun. Hönnunarhraði er um 90 km/klst. Veglína er í samræmi við aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995 – 2015.

### Samanburður á leiðum

Í matsvinnunni verða leiðirnar fjórar bornar saman. Samanburðurinn nær til framkvæmda og vegtæknilegra þátta svo og til umhverfisáhrifa og öryggis. Samanburður á helstu framkvæmdaþáttum verður á efnisþörf, hönnunarhraða, kostnað, veghæð og hæð yfir sjó.

### Matsferli og tímaáætlun

Tillaga að matsáætlun var send til Skipulagsstofnunar í seinni hluta júní. Gert er ráð fyrir að ákvörðun stofnunarinnar um áætlunina liggi fyrir í lok júlí. Sjálf matsskýrslan verður síðan lögð fram í september og í kjölfar þess hefst athugunartími Skipulagsstofnunar og verður framkvæmdin og skýrslan kynnt á opnum fundi. Samkvæmt þessari tímaáætlun mun Skipulagsstofnun úrskurða um framkvæmdina í desember 2003.





Séð yfir Klifhraun í austur. Núverandi vegur sést til vinstri á myndinni.



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, V:Vesturland, Vf: Vestfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Brekknaheiði - Geysirófa	03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	03
03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún	03
03-022 Au. Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2003	03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almanskard	03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813)	03
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	03
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	03
03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Reynishverfi	03
03-049 Vf. Djúpvvegur (61), Forvaði - Þorpar	03
03-048 Vf. Djúpvvegur (61), Kamsnes - Hattardalur	03
03-081 Au. Hringvegur (1), ræsi í Össurá og Hlíðará í Lóni	03
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 1. áfangi	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Víflsstaðavegur	07.03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging II. áfangi	07.03

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
03-087 VI. Vetrarþjónusta í Hvalfirði 2003 - 2008	21.07.03	11.08.03
03-087 VI. Vetrarþjónusta á Holtavörðuhéiði 2003 - 2008	21.07.03	11.08.03
03-083 Sl. Hringvegur (1) um Krossá í Fljótshverfi	07.07.03	21.07.03
03-054 Sl. Uxahryggjavegur (52), um Sandkluftarvatn	07.07.03	21.07.03
03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú stálsmiði	07.07.03	21.07.03

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
02-102 N.v. Siglufjarðarvegur (76), um Hofsa 2003	30.06.03	14.07.03
03-082 Sl. Kjalvegur (35), Háalda - Sandá	30.06.03	14.07.03
03-055 Sl. Villingaholtsvegur (305), Vatnsendi - félagsheimili	30.06.03	14.07.03
03-046 Vf. Vestfjarðavegur (60), brú á Múlaá í Kollafirði	10.06.03	30.06.03
03-071 VI. Snæfellsnesvegur (54), um Fróðarheiði	10.06.03	30.06.03
03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyará - Múli	10.06.03	23.06.03

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
03-079 N.ey. Hringvegur (1), Glerá, viðgerð handriðs	02.06.03	16.06.03
03-042 N.ey. Eyjafjarðarbraut eystri (829), Litli Hamar - Rútsstaðir	02.06.03	16.06.03
03-073 Rn. Þingvallavegur (36), veglýsing um Helgafellsmela	19.05.03	02.06.03
03-070 Rn. Snjómokstur og hálkuvörn í Reykjanesumdæmi 2003-2008	12.05.03	02.06.03
03-047 Vf. Tálknafjarðarvegur (617), um Sveinseyri	28.04.03	12.05.03
03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar	28.04.03	12.05.03
03-066 Au. Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004	14.04.03	05.05.03

Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
03-037 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Skagastrandarvegur - Skúfur Fjörður sf., Sauðárkróki	16.06.03	10.07.03
02-100 N.v. Skagavegur (745), Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003 Guðmundur Vilhelmsson	10.06.03	04.07.03
03-001 Vf. Djúpvvegur (61), Kleifar - Hestur Klæðning ehf.	10.06.03	11.07.03
03-072 N.v. Héraðsdalsvegur (754), styrking - Mælifellsdalsvegur (F756), mölburður Fjörður sf., Sauðárkróki	02.06.03	03.07.03
03-040 N.ey. Norðausturvegur (85), Breiðavík - Bangastaðir Ární Helgason, Ólafstíri	02.06.03	04.07.03
02-063 Sl. Efnisvinnsla á Norðurlandi eystra 2003 Arnarfell ehf., Akureyri	26.05.03	04.07.03

## Niðurstöður útboða

### Siglufjarðarvegur (76)

um Hofsa 02-102

Tilboð opnuð 14. júlí 2003. Norðurlandsumdæmi vestra. Um er að ræða ræsalögn í Hofsa ásamt endurbyggingu Siglufjarðarvegur á 520 m kafla.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	12.500 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	3.300 m <sup>3</sup>
Stálpöturæsi	37 m
Tvöföld klæðing	3.500 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	9.200 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. október 2003.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Króksverk ehf., Sauðárkróki	23.805.550	108,7	5.050
3	Steyrustöð Blönduóss ehf.	22.052.000	100,7	3.297
---	Áætlaður verktakakostnaður	21.903.090	100,0	3.148
2	Hafnarverktakar ehf., Akureyri	21.834.750	99,7	3.079
1	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	18.755.400	85,6	0